

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Höskuldsstöðum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Dalabyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Miðbraut 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942019	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Þór Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða í Dalabyggð. Í eftirlitinu voru staðfest tvö frávik frá starfsleyfi og þremur ábendingum komið á framfæri vegna starfseminnar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Varnir gegn mengun ytra umhverfis sbr. 3. kafli
2. Frágangur urðunarreina sbr grein 4.3 og 4.5
3. Skráningar skv. grein 5.1
4. Eftirlitsmælingar skv. grein 5.2
5. Skýrslugjöf og önnur gagnaskil
6. Skoðunarferð

1. Engar kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun eða rekstrarðila um fok, hávaða eða aðra mengun ytra umhverfis vegna urðunarstaðarins. Magn móttækis úrgangs til urðunar er vel innan starfsleyfismarka eða um 77 tonn árið 2016 og 2017. Samkvæmt skráningum hefur rekstraraðili tekið á móti um 200 tonnum að garðaúrgangi og 8.5 tonnum af húsdýraskít á árunum 2015-2017 til jarðgerðar.

2. Í eftirlitinu kom fram að daglegum frágangi urðunarreina er ábótavant en farmar eru ekki birgðir samdægurs með þekjuefni eins og ákvæði greinar 4.3 í starfsleyfi kveður á um.

3. Gámapjónsuta Vesturlands sér um flokkun úrgangs á gámasvæði í Búðardal og sér um flutning óvirks úrgangs á urðunarstaðinn. Magntölum móttækis úrgangs hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar í gegnum vefgátt. Ekki hefur komið til þess að hafna hafi þurft úrgangi til urðunar. Skýrsla um vöktunarmælingar sem kveðið er á um í grein 5.1 og 5.2 starfsleyfi voru afhentar í eftirlitinu en aðrar skráningar í grein 5.1 voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu.

4. Eftirlitsmælingar voru framkvæmdar í samræmi við mæliáætlun í grein 5.2 í starfsleyfi árið 2018. Grunnvatnsstaða var mæld 30. apríl sl. og 10. september sl. og helst hún nokkurn vegin í stað á milli mælinga. Efnagreiningar á grunnvatnssýnum gefa til kynna að efnastyrkur mengunarefna sé vel innan skilgreindra viðmiðunarmarka.

5. Rekstraraðila ber að skila til umhverfisstofnunar niðurstöðum skráninga skv. grein 5.1 í starfsleyfi fyrir 1.maí ár hvert. Magntölum um móttækin úrgang hefur verið skilað í gegnum vefgátt Umhverfisstofnunar og skýrsla um vöktunarmælingar var afhent í eftirlitinu. Ekki hefur verið staðið skil á öðrum skráningum sem tilgreind eru í grein 5.1

6. Ekið var á urðunarstaðinn og aðstæður skoðaðar. Mótaka úrgangs er í laut þannig að fokhætta er óveruleg. Staðfest var að tekið hefur verið á móti förmum af garðaúrgangi og húsdýraskít sem samræmist ekki starfsleyfinu fyrir urðunarstaðinn. Svæðið er afgirt og aðgangsstýrt með læstu hliði.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Grein 5.1 í starfsleyfi

Skráningar á 2.- 5. og 7.- 11. tölulið í grein 5.1 starfsleyfisins voru ekki

Grein 5.4 í starfsleyfi

Skýrsla um niðurstöður skráninga hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar en þeim ber að skila fyrir 1. maí ár hvert.

ÁBENDINGAR

Í vöktunarskýrslu sem unnin er af Umhverfissráðgjöf Íslands kemur fram að nokkur frostlyfting hafi átt sér stað við girðing svo hún þarfnaðist lagfæringar sum staðar. Lagfæringar hafa verið gerðar á girðingunni samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila.

Í vöktunarskýrslu Umhverfissráðgjafar Íslands kemur fram að þakplötur úr plexilgeri hafi verið sjáanlegar á urðunarstaðnum í mælingaferð 10. september sl. Þær voru ekki sjáanlegar í eftirlitinu og hafa verið fjarlægðar og ráðstafað á viðurkenndan hátt skv. upplýsingum frá rekstraraðila.

Samkvæmt magntölum úrgangs í vefgátt umhverfisstofnunar kemur fram að tekið hefur verið á móti um 200 tonnum af garðaúrgangi til jarðgerðar ásamt 4.8 tonnum af húsdýraskít. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila fer sá úrgangur ekki inn á urðunarstaðinn heldur er nýttur til uppgræðslu á melum. Bæta þarf þessar skráningar í næstu skýrsluskilum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.01.2019


Halla Einarsdóttir

